

Að þessu sinni er Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Gerhild Hammer
Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Rós Pétursdóttir
Jelena Kuzminova

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Una Sólveig Jóakimsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir
Alasdair Barbour

Víola

Sölvi Karlsson
Ellen Reichl
Páll E. Ingvarsson
Paul-William Marti

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Brynja Cortes Andrésdóttir
Veronique Jacques
Anna Tryggvadóttir
Þorbjörg Sveinsdóttir
Sverrir Teitsson
Hrefna Guðmundsdóttir

Kontrabassi

Roine Hultgren
Kjartan Guðnason

Flauta

Karen Erla Karolínudóttir
Kistrún Helga Björnsdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Þorgeir Björnsson

Klarinett

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Brynjar Björnsson
Torfi Þór Gunnarsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Mirjam Schmidt

Pákur

Eggert Pálsson

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 12. maí, næstkomandi og verða í samstarfi við Selkórinn. Þá verður flutt Pákumessan (Missa in Tempore Belli) eftir Haydn. Einnig verður frumflutt nýtt verk eftir Finn Karlsson

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2013.



Reykjavíkurborg

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju


sunnudaginn 17. mars 2013 kl.17:00

Tónskáld að heiman

Stjórnandi:
Oliver Kentish



Felix Mendelssohn



Veronique Jacques



Joseph Haydn



Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn.
Afsláttarverð kr.1000 fyrir nemendur og eldri borgara

Efnisskrá:

Felix Mendelssohn: Forleikur, Fingalshellir, op. 26

Véronique Jacques: Tveir heimar, verk fyrir strengjasveit (frumflutningur)

HLÉ

Joseph Haydn: Sinfónía nr. 104 í D-dúr, Lundúnasinfónían
Adagio - Allegro
Andante
Menuetto, Allegro
Allegro spiritoso

Höfundar, tónverk og flytjendur:

Felix Mendelssohn–Bartholdy (1809–1847): Þegar Mendelssohn var tvítugur, árið 1829, lagði hann upp í för um Vestur-Evrópu til að útvíkka hugann, heyja sér reynslu og stofna til kynna við góða menn. Í þeirri för urðu til kím ýmissa verka hans, svo sem Ítölsku sinfóniunnar og Skosku sinfóniunnar, svo og forleiksins sem nú er fluttur, Fingalshellir. Hellir Fingals er á smáeyjunni Staffa, sem er ein af Suðureyjum vestan við Skotland. Þetta er stuðlabergshellir ekki ólíkur Garðahelli sunnan í Reynisfjalli í Mýrdal sem margir kannst við. Þótt tónskáldið væri illa haldið af sjóveiki og þætti hellirinn ógnvekjandi, skráði hann þegar upphafið að forleiknum í dagbók sína. Verkinu lauk hann á Ítalíu ári síðar. Forleikurinn var frumfluttur í London 1832 og hefur jafnan notið vinsælda síðan.



Fingalshellir á Staffa

Fingalshellir tengist Íslandi á ýmsan hátt, þótt undarlegt megi virðast. Jarðmyndunin sem hann er í er basalthraun, sem er óvenjulegt í því meginlandsumhverfi sem Skotland er. Eldstöðin sem þarna gaus var virk fyrir um 70 milljónum ára þegar Atlantshafið var lokað og Grænland lá upp að

Evrópu. Gosvirknin tengist þeim merka atburði þegar íslenski heiti reiturinn færðist inn á þessar slóðir og varð til þess að meginlöndin tók að reka sundur. Eldstöðin er því í rauninni íslensk þótt hún sé staðsett í Skotlandi. Fingalshellir var að mestu óþekktur þangað til náttúrufræðingurinn Sir Joseph Banks vakti athygli á honum árið 1772 en hann var þá á leið í rannsóknarferð til Íslands. Nafnið Fingalshellir er þó talið komið frá Mendelssohn, upphaflega nafnið var Uamh-Binn, sem þýðir tónlistarhellir eða sönghellir. Svo mikið er víst að fyrir atbeina þeirra félaga, náttúrufræðingsins og tónskáldsins, er hellirinn einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í öllu Skotlandi.



Oliver Kentish stjórnandi og Véronique Jacques tónskáld og sellóleikari

Óliver Kentish stjórnandi og Véronique Jacques tónskáld og sellóleikari. Véronique Jacques er sellóleikari og tónskáld frá Montréal í Kanada. Hún stundaði nám í sellóleik við College Vincent-d'Indy and Electroacoustic studies við Háskólann í Montréal. Hún fékk styrk frá Listaráði Kanada til að dvelja á Íslandi í tíu mánuði við tónsmíðar. Hún hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna síðan í haust. Verk hennar, sem frumflutt er hér í dag, er hluti af stærra verkefni sem hún vinnur að og ber heitið Tveir heimar. Heildarverkið byggir á blandaðri tækni og er ætlað til beins flutnings fyrir áheyrendur. Heimarnir tveir sem það fjallar um eru heimabyggð hennar, Montréal, annars vegar og Reykjavík hins vegar, tvær ólíkar borgir sem gefa mismunandi innblástur. Reykjavík er lýst með rafmögnum hljóðfærum og nýrri tækni. Hljóðin endurspeglar afl og svifingar norðanvindsins í andstöðu við kyrrstæða fegurð landslagsins. Mynd Montréal er hins vegar dregin upp með órafmögnum hljóðfærum og hefðbundinni tónlist. Heimarnir tveir eru mjög raunverulegir og fullir af lífi, en um leið mismunandi bæði hvað landslag og tilfinningar snertir. Myndirnar tvær skarast og blandast á ýmsa vegu, sem endurspeglar innri átök þess sem lifir í báðum heimunum.



Joseph Haydn

Sinfónía Haydn nr. 104 var samin í Englandi og er gjarnan kennd við London. Hún var frumflutt þar undir stjórn tónskáldsins 4. maí 1795 og naut strax mikilla vinsælda. Skáldið skrifaði í dagbók sína: „Allir viðstaddir voru hæstánægðir og einnig ég. Ég þénaði 4000 gyllini þetta kvöld. Svona nokkuð er einungis hægt í Englandi“. Í umsögn um sinfóníuna í fremsta dagblaði borgarinnar er því spáð að ekki verði samin betri sinfónía næstu 50 árin, og er það haft eftir ábyrgum manni („gentleman, eminent for his musical knowledge, taste, and sound criticism“). Dæmi nú hver fyrir sig, og hafi sérstaklega í huga að allar sinfóníur Beethovens falla inná þessa tímabil.